

Greinargerð starfshóps vegna endurskoðunar á viðbragðsáætlun KSÍ

Reykjavík, 15. maí 2024

Eftirtaldir aðilar sátu í starfshópnum:

Eiríkur Tómasson, Haukur Örn Birgisson, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Hrefna Hugosdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Kristín Edwald. Haukur Hinriksson var starfsmaður hópsins.

Um verkefni starfshópsins og aðdraganda

Eftirfarandi er bókun úr fundargerð stjórnar KSÍ frá fundi 17. apríl 2024:

„Rætt var um stofnun starfshóps til ráðgjafar varðandi viðbragðsáætlun KSÍ. Rætt um markmið slíks hóps og skipan í hann. Stjórn samþykkti að stofna starfshóp og óska eftir að hópurinn ljúki störfum fyrir miðjan maí.“

Nánar tiltekið þá var starfshópnum falið að líta yfir og rýna viðbragðsáætlun samþykta á fundi stjórnar KSÍ í maí 2022. Lagt var upp með að hópurinn myndi hittast tvívegis. Áætlunin er svohljóðandi:

„Stjórn KSÍ samþykkti að haft sé að leiðarljósi það meginviðmið, þegar mál einstaklinga eru til meðferðar hjá rannsóknar- eða ákærvaldi og/eða samskiptaráðgjafa, vegna meintra alvarlegra brota, að þá skuli viðkomandi stíga til hliðar í hlutverki sínu hjá KSÍ á meðan meðferð máls stendur yfir. Það gildir jafnt um dómara, þjálfara, leikmenn, forystumenn, starfsmenn og aðra þá sem eru innan KSÍ.“

Vinnufundir hópsins

Starfshópurinn fundaði tvívegis;

- Fyrri fundur 24.04.2024
- Seinni fundur 08.05.2024

Vinna og afmörkun verkefnis

Starfshópurinn fór yfir orðalag viðbragðsáætlunar KSÍ sem samþykkt var í maí 2022. Sú áætlun var samþykkt fyrir tíma stærri viðbragðsáætlunar fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf sem samþykkt var að vinna eftir á ársþingi KSÍ 2023. Síðastliðin tvö ár hefur stjórn KSÍ þó reglulega þurft að notast við viðbragðsáætlun frá því í maí 2022 þar sem hún er ítarlegri að sumu leyti.

Hópurinn skoðaði viðeigandi hluta úr viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs. Í þeirri áætlun eru ákveðnir þættir óljósir. Í viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs eru til að mynda ekki viðmið um viðbrögð þegar mál eru í meðferð innan réttarvörslukerfis en ekki á sama tíma í formlegri meðferð hjá samskiptaráðgjafa. Þá er ákveðinn óskýrleiki í viðbragðsáætlunum KSÍ og íþrótt- og æskulýðsstarf þegar mál fá yfir höfuð ekki formlega meðferð hjá samskiptaráðgjafa. Upp getur komið sú staða að ekki fæst ráðgjöf frá samskiptaráðgjafa og þá þarf að treysta á að til staðar séu skýr viðmið, þó með vissum sveigjanleika sem leiðir af heilbrigðri skynsemi.

Að framangreindu virtu var hópnum ljóst við skoðun á núgildandi viðbragðsáætlun KSÍ og viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa að skýra mætti nánar hvenær mál teljist vera til meðferðar. Sem dæmi er óljóst hvaða þýðingu það hefur þegar máli lýkur með skilorðsbundinni frestun á ákæru, þegar mál er fellt niður eða niðurfelling á máli hefur verið kærð og þegar sýknudómi hefur verið áfrýjað. Allt þetta þurfi að skoða af mikilli yfirvegum og um leið taka tillit til allra atriða.

Hópurinn var sammála um að afmarka vinnu starfshópsins þannig að fundað yrði tvívegis til að fara yfir mögulega vankanta á viðbragðsáætlun KSÍ og leggja fram sjónarmið og tillögur.

Sjónarmið

Texti viðbragðsáætlunar:

Við vinnu starfshópsins var ljóst að skýra mætti texta viðbragðsáætlunar KSÍ. Notast er bæði við orðin „leiðarljós“ og „meginviðmið“. Nóg væri að notast aðeins við annað þeirra orða. Skynsamlegt sé að notast við slík orð „meginviðmið“ og „alvarleg brot“ enda veiti það stjórnendum ákveðið svigrúm. Rætt var um það snemma í vinnu hópsins að gott væri að útbúa greinargerð (líkt og þessa) sem e.t.v. skýrði nánar hvað felst í texta viðbragðsáætlunar. Nánar tiltekið ætti að vera þar leiðarvísir um hvenær mál teljist vera í meðferð og hvenær ekki, þ.e. upphafspunktur og endapunktur. Í slíkri greinargerð ættu einnig, að mati hópsins, að vera viðmið um hvaða brot teljist vera alvarleg í skilningi viðbragðsáætlunar.

Augljós dæmi um hvenær brot teljast vera alvarleg, að mati hópsins, eru kynferðisbrot, ofbeldisbrot og meiri háttar fíkniefnabrot. Upptalning skuli þó ekki vera tæmandi, enda gætu fallið þarna undir fleiri tegundir brota og eigi stjórnendur að hafa ákveðið svigrúm hvað varðar mat á því. Þá var hópurinn á þeirri skoðun að munur megi vera á viðbrögðum þegar annars vegar eiga í hlut börn eða ungmenni og hins vegar þegar í hlut eiga þau sem eldri eru.

Að mati hópsins vantar að gera ráð fyrir meðferð mála hjá almennum dómstólum í viðbragðsáætlun. Loks megi á skýrari máta vitna til „formlegrar meðferðar“ mála hjá samskiptaráðgjafa.

Önnur sjónarmið (hagræðing, forvarnir og ímynd):

Hópurinn var í sinni vinnu meðvitaður um þá hættu sem fylgir hagræðingu úrslita og veðmálasvindli í knattspyrnu sem og öðrum íþróttum. Hópurinn var sammála um að viðbragðsáætlun megi ekki gefa færi á að hana megi misnota, t.d. í hagræðingartilgangi. Það gæti t.d. átt við þegar atvik kemur upp mjög stuttu fyrir leik.

Hópurinn ræddi sérstaklega um hlutverk KSÍ gagnvart aðila sem fellur undir viðbragðsáætlun. Rætt var um stuðningshlutverk KSÍ á meðan meðferð máls stendur yfir og nær það einnig til einstaklinga sem sakaðir hafa verið um brot, sér í lagi ungmenni. Það kunni að vera rétt af hálfu KSÍ að bjóða upp á tækifæri til sátta en þó ávallt að frumkvæði og á forsendum þolanda, með samþykki geranda. Hópurinn telur að minna megi reglulega á forvarnir og fræðslu sem til staðar eru innan KSÍ og utan. Jafnvel megi standa enn betur að fræðslu og bjóða upp á samtal við unga leikmenn sem eru að stíga inn í umhverfi atvinnu knattspyrnufólks í fyrsta skipti.

Hópurinn ræddi töluvert ímyndarmál og hversu mikilvægt sé að viðbragðsáætlun taki tillit til ímyndar knattspyrnuhreyfingarinnar. Hópurinn var sammála um það að ef gengið er of skammt í viðbragðsáætlun þá geti það haft slæm áhrif á ímynd en sömuleiðis geti það haft slæm áhrif á ímynd KSÍ að ganga of langt í viðbrögðum.

Niðurstöður:

Almennt er það sjónarmið starfshópsins að viðbragðsáætlun geti ekki verið þannig orðuð að hún skyldi stjórnendur í öllum tilfellum til tiltekinna viðbragða. Mál geti verið ólík og fjölbreytt og er það nauðsynlegt að stjórnendur hafi svigrúm til að beita heilbrigðri skynsemi m.t.t. allra atvika. Í viðbragðsáætlun megi hins vegar vera almenn viðmið sem ná utan um flest mál sem koma upp og viðbrögð við þeim. Ljóst er að mati hópsins að setja þurfi nokkuð skýr viðmið um það hvenær viðbragðsáætlun verður virk (upphafspunktur) og hvenær túlka megi svo að mál einstaklings sé ekki lengur til meðferðar (endapunktur).

Upphafspunktur:

Hvað varðar upphafspunkt í viðbragðsáætlun, þá megi að mati hópsins almennt miða við þann tímapunkt þegar kæra hefur verið lögð fram hjá lögreglu og/eða þegar mál er tekið til formlegrar meðferðar hjá samskiptaráðgjafa. Þó verði, sem fyrr, að vera svigrúm til að beita heilbrigðri skynsemi. Viðbragðsáætlun megi, að mati hópsins, ekki gefa færi á að hana megi misnota, t.d. í hagræðingartilgangi. Það gæti t.d. átt við þegar atvik kemur upp mjög stuttu fyrir leik. Þá getur einnig verið þörf á að beita heilbrigðri skynsemi ef upp kemur vitneskja um tiltekna tegund brots en viðkomandi getur þá ekki komið að kæru nema bókaður sé tími í kærúmtöku, sem geti tafið það að kæra komist að.

Þá verði, að mati hópsins, að vera hægt að bregðast við broti, jafnvel mjög nýlegu broti, sem upplýsingar liggja fyrir um en ekki hafa endilega verið kærð. Þetta getur einnig átt við um önnur mál sem falla utan viðbragðsáætlunar.

Endapunktur:

Hópurinn telur að í núverandi viðbragðsáætlun KSÍ séu viðmið þar sem sá sem sakaður er um brot nýtur ekki vafa þegar mál eru komin til meðferðar. Það sé eðlilegt að mati hópsins, enda gert af virðingu við hvert mál, til stuðnings þolanda og gert með ímynd KSÍ í huga. Að mati hópsins megi þó taka hæfilegt tillit til grundvallarreglu í sakamálum. Það er, með þeim hætti að þegar mál hafa verið felld niður, eða að loknum sýknudómi, þá megi einstaklingur njóta vafans þannig að mál teljist ekki vera til meðferðar frá þeim tímapunkti. Það eigi við þó svo ákvörðun um niðurfellingu sé kærð eða sýknudómi áfrýjað. Vitanlega muni mál aftur teljast vera til meðferðar ef sýknudómi lægra dómstigs hefur verið snúið við eða ákvörðun um niðurfellingu hefur verið felld úr gildi. Því skuli, sem fyrr, haldið til haga að mál geti verið afar misjöfn og þó svo að viðmið í þessa veru sé sett, þá hafi stjórnendur ávallt svigrúm til annarra viðbragða að teknu tilliti til allra atvika.

Börn og ungmenni:

Hvað varðar börn og ungmenni undir 18 ára aldri, þá var hópurinn á þeirri skoðun að slík mál geti verið viðkvæmari og meira svigrúm mætti vera um viðbrögð í slíkum málum. Almennt ætti þó að miða við sömu viðbragðsáætlun og fyrir þá sem eldri eru. Rætt var um það innan hópsins hvaða viðmið væru eðlileg þegar málum lýkur með skilorðsbundinni frestun ákæru. Í

slíkum tilfellum megi almennt miða við að það hafi sömu áhrif og niðurfelling enda um að ræða barn eða ungmenni. Þó, sem fyrr, er settur fyrirvari um fjölbreytileika mála og heilbrigða skynsemi.

Mengi:

Rætt var um það innan hópsins að mikill munur sé á því hvers konar samningssamband sé á milli KSÍ og þess einstaklings sem borinn er sökum eða grunaður um brot. Vegna þess megi einangra viðbragðsáætlun aðeins við fulltrúa landsliða (leikmenn og starfslið). Ímynd vegi þyngra í ákvarðanatöku vegna fulltrúa landsliða og réttindi og samningssamband sé öðruvísi.

Tillaga um orðalag viðbragðsáætlunar:

Það er tillaga starfshópsins að orða megi viðbragðsáætlun á eftirfarandi máta:

Haft sé að leiðarljósi, þegar mál einstaklinga eru til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum og/eða í formlegri meðferð hjá samskiptaráðgjafa íprótta- og æskulýðsstarfs, vegna meintra alvarlegra brota, að þá skuli viðkomandi stíga til hliðar í hlutverki sínu hjá KSÍ á meðan meðferð máls stendur yfir. Það gildir um leikmenn og starfslið landsliða Íslands. Stjórnendur skulu þó ávallt hafa svigrúm til að beita heilbrigðri skynsemi að teknu tilliti til atvika hvers máls þegar kemur að mati og ákvarðanatöku um val á leikmönnum eða starfsliði landsliða með hliðsjón af viðbragðsáætlun.

Að lokum:

Hópurinn er meðvitaður um að endurskoða eigi viðbragðsáætlun íprótta- og æskulýðsstarfs og stendur sú vinna yfir. Það er ekki ætlun þessa hóps að gera tillögu um viðbragðsáætlun sem gengur frammar viðbragðsáætlun íprótta- og æskulýðsstarfs. Vonir standa til að í viðbragðsáætlun íprótta- og æskulýðsstarfs, verði nánari viðmið sem nýtist allri ípróttahreyfingunni.

Virðingarfyllt,

Starfshópur um endurskoðun viðbragðsáætlunar KSÍ

Eiríkur Tómasson,
Haukur Örn Birgisson,
Helga Melkorka Óttarsdóttir,
Hrefna Hugosdóttir,
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, og
Kristín Edwald

Haukur Hinriksson, starfsmaður